

Atvinnuveganefnd Alþingis
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur
Skrifstofu Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni Umsögn um frumvarp til laga um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, 693. mál

Ofangrein frumvarp barst Nýsköpunarmiðstöð Íslands til umsagnar 13. maí í tölvupósti.

Nýsköpunarmiðstöð telur markmið laganna mjög jákvæð, og telur að aukið samstarf og samráð milli aðila sem koma að byggðapróun sé til mikilla bóta. Nýsköpunarmiðstöð tekur undir mikilvægi þess að færa stefnumótun á sviði byggðamála nær sveitarfélögum og landshlutasamtökum sveitarfélaga og að mikilvægt sé að líta á höfuðborgarsvæðið sem mikilvægan hlekk byggðapróunar og samkeppnishæfni landsins.

Nýsköpunarmiðstöð tekur undir þau viðhorf sem fram koma í greinargerð með lögunum að nái þau fram að ganga muni lögin geta haft í för með sér vandaðri lantímaáætlanagerð fyrir alla landshluta og aukna samhæfingu áætlana sem ætti að leiða til aukinnar hagkvæmni og betri árangurs.

Þar sem markmið frumvarpsins lúta að aukinni samvinnu allra aðila sem koma að byggðapróun og eflingu samkeppnishæfni er mikilvægt að benda á hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands við eflingu atvinnulífs, samkeppnishæfni og byggða.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur frá upphafi starfað að atvinnuþróun og nýsköpun á landinu öllu. Starfsstöðvar Nýsköpunarmiðstöðvar eru í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri, Vestmannaeyjum og á Sauðárkróki. Unnið er að því að hefja starfsemi á Djúpavogi. Meðal verkefna Nýsköpunarmiðstöðvar er innleiðing nýsköpunar á sviði ferðaþjónustu, vöruþróun í hefðbundnum atvinnurekstri, tækniþróun og frumkvöðlastarf, nýsköpunar- og frumkvöðlastarf í skólum og stuðningur við úrbætur í rekstri og vöxt hefðbundinna fyrirtækja og sprotafyrirtækja. Nýsköpunarmiðstöð kemur að handleiðslu og ráðgjöf við frumkvöðla og fyrirtæki um allt land og rekur, eða kemur að rekstri átta frumkvöðlasetra víða um land, bæði á eigin vegum og í samstarfi við heimaaðila. Nýsköpunarmiðstöð Íslands er leiðandi í uppbyggingu og miðlun þekkingar á klasasamstarfi um land allt.

Með þessum hætti leitast Nýsköpunarmiðstöð við að styðja við samkeppnishæfni landsins alls og vinna með frumkvöðlum og fyrirtækjum að því að brúa markaðsbresti á sviðum nýsköpunar, tækniþróunar og viðskiptaþróunar. Þannig er Nýsköpunarmiðstöð mikilvægur hlekkur í byggðapróunarstarfi á Íslandi. Í þessu ljósi fagnar Nýsköpunarmiðstöð Íslands ákvæðum laganna um skipulagða farvegi fyrir þverfaglegt samstarf og vonar að þau muni leiða til aukins samráðs og samvinnu á milli ríkis, sveitarfélaga, ríkisstofnanna og annara hagsmunaaðila sem starfa að byggðapróun.

f.h. Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Kveðja,

Berglind Hallgrímsdóttir
Framkvæmdastjóri / Managing Director

Nýsköpunarmiðstöð Íslands / Innovation Center Iceland